



**SMT skólafærni í Áslandsskóla**

# SMT skólafærni

- Eins og áður er getið tekur Áslandsskóli SMT skólafærnaverkefni í notkun nú í skólabyrjun.
- Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hefur ásamt Félagsþjónustu Hafnarfjarðar og Heilsugæslu Hafnarfjarðar innleitt PMT-foreldrafærni í Hafnarfjörð í samráði við Oregon Social Learning Center.
- PMT-foreldrafærni er meðferðarúrræði fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika og byggir á áratuga rannsóknum sem sýna góðan árangur.
- Foreldrar fá aðstoð við að brjóta vítahring samskipta sem hefur myndast, með því að kenna þeim styðjandi uppeldisaðferðir.
- Verkefnið hefur gengið vel og foreldrar hafa almennt verið ánægðir með árangur PMT-foreldrafærni.

# SMT skólafærni

- Í kjölfar þess var ákveðið að innleiða SMT-skólafærni sem byggir á sama hugmyndafræðilega grunni og áratuga rannsóknum líkt og PMT.
- Víðistaðaskóli og Lækjarskóli hófu undirbúning SMT skólafærni hjá sér fyrir tveimur árum og innleiðing hófst á síðasta skólaári. Nú bætast Áslandsskóli og Engidalsskóli (um áramót) í hópinn.

# SMT skólafærni

- Myndað var SMT teymi innan skólans sem í sitja:
  - **Leifur S. Garðarsson** skólastjóri,
  - **Unnur Elfa Guðmundsdóttir** aðstoðarskólastjóri,
  - **Björk Einisdóttir** námsráðgjafi,
  - **Edda Vikar Guðmundsdóttir** skólasálfræðingur
  - **Rannveig Hafberg**, árgangastjóri 1.-2. bekk
  - **Hulda Gunnarsdóttir**, árgangastjóri 3.-4. bekk
  - **Auður Óskarsdóttir**, árgangastjóri 5.-7. bekk
  - **Kristín Jóna Magnúsdóttir**, árgangastjóri í 8.-10. bekk
  - **Björk Pétursdóttir**, fulltrúi annarra starfsmanna / heimilisfr
- Teymið hóf störf sl. skólaár við undirbúning og efnissöfnun.

# SMT skólafærni

- **Helstu verkefni teymisins voru að:**
- Búa til **reglur um jákvæða hegðun** nemenda á helstu stöðum innan skólans.
- Ákveða **hvernig kenna á nemendum reglurnar** og hvernig **gera má þær sýnilegar**.
- Finna leiðir til að virkja allt starfsfólk til að **umbuna nemendum fyrir jákvæða hegðun** með almennum og formlegum hætti.
- Ákveða **viðurlög** við ólíkum hegðunarfrávikum.
- Skilgreina hvað eru **minniháttar frávik** og hvað eru **alvarleg hegðunarfrávik**.
- Finna viðeigandi **afleiðingar við óæskilegri hegðun** sem eru breytilegar að styrkleika og fylgja alvarleika hegðunar.

## ÁKVEÐNIR NEMENDUR

### Nemendur í mikilli áhættu

Einstaklingsmiðaðar  
aðgerðir

3 - 5%

- ▶ Samstarf við foreldra, þeim t.d. vísað í PMT
- ▶ Einstaklingsnámskrá varðandi hegðun
- ▶ Samstarf við aðrar stofnanir
- ▶ Mikil kennsla í félagsfærni

## AFMARKAÐUR HÓPUR

### Nemendur í áhættu

Bekkjjarstjórnun og áætlanir  
fyrir litla hópa

7 - 10%

- ▶ Komið á föstum tengslum nemenda við einhvern fullorðinn sem hefur eftirlit með þeim
- ▶ Aukinn stuðningur í námi
- ▶ Kennsla í félagsfærni

## ALMENNT

### Allir nemendur

Stuðningur á öllum  
stöðum skólans

85 - 90%

- ▶ Virk notkun félagslegrar hvatningar, sem og umbunar- og táknkerfa
- ▶ Nemendum sett mörk á einfaldan og sanngjarnan hátt
- ▶ Virkt eftirlit með nemendum
- ▶ Nemendum kenndar reglur skólans á beinan hátt
- ▶ Kennsla í félagsfærni
- ▶ Jákvætt inngrip

KERFI FYRIR ALLAN SKÓLANN

STUÐNINGSKERFI  
FYRIR EINSTAKA  
NEMENDUR

KERFI Í  
SKÓLASTOFUNNI

KERFI FYRIR  
AFMARKAÐAR  
AÐSTÆÐUR

# SMT skólafærni

- Einhverjir nemendur hafa komið heim með “fugl” úr skólanum.
- Þannig er mál með vexti að nemandi getur fengið fugl (**rauðan**, **gulan** eða **grænan**) fyrir jákvæða hegðun.
- Allir starfsmenn hafa hjá sér “fugla” sem þeir geta látið af hendi til nemenda sýni þeir jákvæða hegðun.

# SMT skólafærni

SAMVINNA

- Bekkurinn safnar síðan “fuglum” og þegar tilteknum fjölda “fugla” er náð er haldin “fuglaveisla” í bekknum.
- “Fuglarnir” eru í nafnspjaldaformi og stundum er ritað á þá og stundum ekki. Það breytir engu um verðgildi þeirra.
- Í lok september verður fyrsta sameiginlega morgunstund vetrarins haldin.
- Þá gæti svo farið að einhver bekkjanna hafi sýnt svo jákvæða hegðun að hann fái “bláan fugl” en blár er sjaldgæfur og hefur til þessa ekki verið veittur.

# Dæmi úr reglutöflu (Flórgoði 1)

<b>Svæði</b>	<b>Samvinna</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tillitssemi</b>
<b><u>Matsalur</u></b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Vera jákvæð</li><li>• Brosa</li><li>• Hjálpa til þegar við erum matarliðar</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hengja útiföt í fatahengi</li><li>• Fara í röðina þegar við komum inn í matsalinn</li><li>• Fara beint í sætin okkar með matinn</li><li>• Hafa hendur og fætur hjá sér</li><li>• Passa að borðin séu hrein</li><li>• Fara í frímínútur þegar matartíma lýkur</li><li>• Fara eftir fyrirmælum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Tala lágt</li><li>• Ganga frá eftir okkur</li><li>• Geyma húfur á snögum</li><li>• Leiða hegðun annarra hjá sér</li></ul>
<b><u>Gangar</u></b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Bíða í röð eftir kennaranum</li><li>• Halda göngunum hreinum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Raða töskum upp við vegg</li><li>• Geyma útiföt hjá töskum</li><li>• Hafa hendur og fætur hjá sér</li><li>• Fara eftir fyrirmælum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Ganga hægra megin á göngum skólans</li><li>• Ganga í stigum</li><li>• Tala lágt</li><li>• Leiða hegðun annarra hjá sér</li></ul>

# SMT skólafærni

- Stoppmiðar
- Skráning
- Fyrsta stigs brot – agaferli
- Annars stigs brot – agaferli, aðgerðir
- Þriðja stigs brot – agaferli, aðgerðir

SAMVINNA

TRAUST

TILLITSSEMI